

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 21. febrúar 2012 í máli nr. S-400/2010:

Ákærvaldið

(Halla Bergþóra Björnsdóttir settur sýslumaður)

gegn

Grétari Magnússyni

(Brynjar Nielsson hrl.)

Mál þetta höfðaði lögreglustjórinn á Akranesi með ákærum 2. nóvember 2010 og 12. maí 2011 á hendur ákærða, Grétari Magnússyni, kt. ..., Blikahólum 2 á Akranesi. Málið var dómtekið 17. febrúar 2012.

Í ákæruskjali 2. nóvember 2010 er ákærðu gefið að sök, umferðarlagabrot á Akranesi, með því að hafa, mánudaginn 27. september 2010, ekið bifreiðinni MA-518 sviptur ökuréttindum og undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 2,3 0/00), vestur Akrafjallsveg uns lögreglan stöðvaði aksturinn í nágrenni við Þaravelli.

Brot ákærða þykir varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997, sbr. 186. gr. laga nr. 82/1998 og 3. gr. laga nr. 24/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, 8. gr. laga nr. 84/2004 og 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Í ákæruskjali 12. maí 2011 er ákærða gefið að sök „umferðarlagabrot í Reykjavík, með því að hafa, föstudaginn 3. desember 2010, ekið bifreiðinni SY-659 sviptur ökuréttindum og undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,1 mg/l), út af bifreiðastæðinu við verslunina „Fiskikónginn“ inn á Sogaveg, norður Grensásveg og vestur Miklubraut, og ekið yfir gatnamót Miklubrautar og Háaleitisbrautar gegnt rauðu ljósi, uns lögreglan stöðvaði aksturinn rétt austan megin við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrabrautar.

Brot ákærða þykir varða við 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997, sbr. 186. gr. laga nr. 82/1998 og 3. gr. laga nr. 24/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, 8. gr. laga nr. 84/2004 og 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Ákærði krefst þess í báðum tilvikum að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

I.

Mánudaginn 27. september 2010 barst lögreglunni á Akranesi tilkynning um að hugsanlega væri ölvaður ökumaður í Hvalfjarðargöngum á leið norður. Segir í skýrslu lögreglu að lögreglumenn hafi mætt bifreiðinni MA-514 er ekið hafi verið vestur Akrafjallsveg. Aksturslag hafi verið einkennilegt og hafi þeir gefið ökumanni merki um að stöðva bifreiðina. Ökumaður sem hafi verið ákærði hafi verið beðinn um að blása í SD2 áfengismæli og hafi niðurstaða mælingar verið 1,80 ppm. Ákærði hafi verið handtekinn grunaður um ölvun við akstur. Hafi hann verið fluttur á lögreglustöð þar sem blóðsýni hafi verið tekið frá honum. Á lögreglustöð hafi komið í ljós að ákærði væri sviptur ökuréttindum ævilangt og að bifreið sú er hann ók hafi verið ótryggð. Var ákærða að svo búnu sleppt. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst ákærði hafa verið við drykkju nóttina áður og fengið sér afréttara um morguninn en hann var handtekinn kl. 12.10 hinn 27. september 2010. Hann kvaðst hafa hafið drykkju að morgni dagsins áður, drukkið allan daginn og fengið sér afréttara morguninn eftir eins og áður segir. Ekki kvaðst hann vita hversu mikið hann hefði drukkið. Hann sagðist hafa verið að koma frá Reykjavík og ekið Vesturlandsveg um Hvalfjarðargöng. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða var sú að í blóði hans hafi mælst 2,30 0/00 í umrætt sinn. Samkvæmt ökuferilsskrá ákærða var hann sviptur ökuréttindum ævilangt er atvik málsins urðu.

Ákærði neitaði sök við þingfestingu málsins en kom ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins.

Vitnið Jóhanna Heiður Gestsdóttir lögregluvarðstjóri skýrði frá því í skýrslu sinni fyrir dómi að umrætt sinn hefði lögregla fengið tilkynningu um að aksturslag ökumanns á bifreið væri undarlegt. Fór hún ásamt vitninu Garðari Axelssyni á vettvang og mættu þau bifreið sem ekið var mjög hægt. Stöðvuðu þau ökumann og var hann handtekinn, grunaður um að aka undir áfengisáhrifum. Á lögreglustöð kom í ljós að ökumaður var ákærði en vitnið bar mynd úr safni lögreglu saman við ökumann. Vitnið Garðar Axelsson lögreglumaður bar fyrir dómi að tilkynnt hefði verið um hugsanlegan ölvunarakstur. Lögreglumennirnir hefðu mætt gamalli Mercedes Benz bifreið og hefði aksturslag ökumanns verið einkennilegt. Bifreiðin hefði verið stöðvuð og ökumaður reynst undir áfengisáhrifum. Þau hefðu staðreynt nafn hans með því að bera saman við myndir úr skrá yfir brotamenn.

Sannað er með framburði lögreglumanna að ákærði var ökumaður bifreiðarinnar MA-514 umrætt sinn. Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið þykir sannað, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, að ákærði hafi sviptur ökurétti ekið í umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Verður brot ákærða talið varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

II.

Hinn þriðja desember 2010 voru lögreglumenn staddir á Bústaðavegi í Reykjavík við Háaleitisbraut þegar tilkynnt var um hugsanlega ölvaðan ökumann á bifreiðinni SY-659 sem væri á bifreiðastæði við Fiskikónginn á Sogavegi.

Lögreglumenn voru komnir á Sogaveg þegar þeir sáu hvar bifreiðinni SY-659 var ekið frá bifreiðastæðinu við Fiskikónginn og ekið inn á Sogaveg. Hafi henni síðan verið ekið norður Grensásveg og síðan vestur Miklubraut á vinstri akrein og yfir gatnamót Miklubrautar og Háaleitisbrautar gegnt rauðu ljósi. Lögreglumenn kveiktu á viðvörunarljósum lögreglubifreiðar og stöðvaði ökumaður ekki bifreið þá er hann ók fyrr en skammt austan við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Lögreglumaður hafi gefið sig á tal við ökumann sem hafi reynst valtur á fæti, verið þvoglumæltur og óhreinlegur í máli og mátt hafi finna áfengisþef frá vitum hans. Var hann handtekinn kl. 15.37 vegna gruns um ölvun við akstur. Hafi hann ekki viljað tjá sig um sakarefnin. Hann hafi verið fluttur á lögreglustöðina að Hverfisgötu og blásið þar í EVIDENZER og endanleg niðurstaða um magn alkóhóls í blóði hafi verið 1,11 mg/l. Í ljós hafi komið að hann væri sviptur ökurétti ævilangt. Lögregla hafi sannreynt hver hann væri með því að fletta upp í brotamannakerfi Lögreglukerfisins og bera saman við mynd af ákærða þar.

Ákærði neitaði sök við þingfestingu málsins en kom ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins.

Vitnið Þórir Rúnar Geirsson lögreglumaður skýrði frá því að tilkynning hefði borist um að hugsanlega væri ölvaður ökumaður á ferð rétt við Fiskikónginn við Sogaveg. Hafi hann ásamt vitninu Hrafn Árnasyni lögreglumanni farið á vettvang og séð bifreiðinni SY-659 ekið frá Fiskikónginum inn á Sogaveg. Fylgdu þeir bifreiðinni eftir en henni hafi verið ekið norður Grensásveg og vestur Miklubraut og yfir gatnamót Miklubrautar og Háaleitisbrautar gegnt rauðu ljósi uns ökumaður stöðvaði bifreið sína austan við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar að boði lögreglu. Hafi vitnið séð ölvunareinkenni á ökumanni og hafi hann verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Lögregla kannaði eignarhald á bifreið þeirri sem ökumaður ók og gengu úr skugga um hver ökumaður væri með því að bera kennsl á hann eftir myndum í brotamannaskrá.

Vitnið Hrafn Árnason lögreglumaður lýsti atvikum með sama hætti í skýrslu sinni fyrir dómi. Fram kom hjá vitninu að hann bar kennsl á ákærða sem ökumann vegna þess að hann þekkti hann vegna starfa sinna.

Þá kom vitnið Eysteinn Skarphéðinsson, eigandi bifreiðarinnar SY-659 fyrir dóminn og kvað ákærða hafa stolið bifreiðinni umrætt sinn en þeir hefðu verið hjá vínafólki beggja í Keflavík. Vitnið hafi verið sofandi er bifreiðin var tekin.

Sannað er með framburði lögreglumanna að ákærði var ökumaður bifreiðarinnar SY-659 umrætt sinn. Þá rennur framburður vitnisins Eysteins Skarphéðinssonar stoðum undir að ákærði hafi verið ökumaður bifreiðarinnar umrætt sinn. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þykir sannað, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, að ákærði hafi sviptur ökurétti ekið í umrætt sinn undir áhrifum áfengis og gegnt rauðu ljósi. Verður brot ákærða talið varða við 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45.

gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987 eins og greinir í ákæru.

III.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Ákærði, sem er á fimmtugasta aldursári hefur frá árinu 1979 hlotið fjölmarga dóma og gengist undir viðurlög fyrir dómi og hjá lögreglu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Ákærði hlaut síðast dóm fyrir ölvunarakstur 13. febrúar 2008 en þá var honum gerð fangelsisrefsing í 2 mánuði og ævilöng svipting ökuréttar áréttuð.

Ákærði er nú sakfelldur fyrir ölvunarakstur og akstur sviptur ökurétti í tvö skipti, fyrir hefur hann þrisvar verið sakfelldur fyrir ölvunarakstur og tvisvar fyrir akstur sviptur ökurétti. Að virtum þessum sakaferli þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fjögurra mánaða fangelsi.

Ákærði hefur verið sviptur ökurétti ævilangt frá 11. september 1998 Með vísan til 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga ber að áréttta þá sviptingu.

Loks verður ákærði samkvæmt 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar samkvæmt yfirliti lögreglu um sakarkostnað og ákvörðun dómsins um málsvarnarlaun verjanda, sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Allan V. Magnússon, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Grétar Magnússon, sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði 229.855 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjars Nielssonar, hæstaréttarlögmanns, 188.250 krónur.

Allan V. Magnússon